# Áfangaheiti (ÍSAN1ML04) – Námsáætlun (Vorönn 2025)



| Kennari: | Annette J de Vink | Skammst. | AJV |
|---|---|---|---|

**Titill**: Íslenska með áherslu á menningarlæsi

**Áfangalýsing:**
Áfanginn er ætlaður nemendum af erlendum uppruna. Markmið áfangans er bæði faglegt og hagnýtt, hann á að undirbúa nemendur til þátttöku almennum áföngum með í samfélagsgreinum og lífið í nýju samfélagi. Áhersla er lögð á að auka orðaforða tengdum íslenskri menningu og þjálfa talmál og hlustun á félagslegum orðaforða. Nemendur fá kynningu á íslensku samfélagi, innviðum, menningu og sögu landsins. Áfanginn er símatsáfangi og fjölbreytt verkefni unnin jafnt yfir önnina.

**Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**

- íslenskum orðaforða í samfélagsgreinum, bæði rituðu og töluðu máli.
- íslensku samfélagi, s.s. sögu landsins, innviðum og jafnrétti.
- samanburði íslensks samfélags og heimamenningar nemenda
- íslenskri menningu, m.a. matarmenningu og bókmenntum
- mikilvægi fjölmenningar

**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- hlusta á, lesa og tala íslenskan orðaforða í samfélagsgreinum.
- stunda nám í samfélagsgreinum með stuðningi
- lesa einfaldar skáldsögur eða ljóð á íslensku
- bera saman menningu samfélagsins og gildi við eigið samfélag í heimalandinu
- skoða fjölmenningarsamfélagið út frá stöðu sinni í því

**Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- taka þátt í einföldum samræðum um samfélag og menningu
- stunda nám í samfélagsgreinum á framhaldsskólastigi
- auka þekkingu sína á samfélagi og menningu nýs lands.
- vera virkur þátttakandi í fjölmenningarsamfélaginu
- þroska með sér borgarvitund í nýju samfélagi

**Námsmat**: Í áfanganum er viðhaft leiðsagnarmat með símati alla önnina. Námsmatið er í höndum kennara viðkomandi áfanga en þarf að fylgja þeim reglum sem kveðið er á um í skólanámskrá VMA.

## Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:

Áfanginn verður sniðinn að þörfum nemenda hverju sinni.

| Vika | Efni | námsmat |
|---|---|---|
| 1 | Kynning á áfanganum<br>Íslenskir fjölmiðlar | |
| 2-3 | Landafræði, veðurfar | **Hópverkefni: velja landshluta og kynna staði og náttúruperlur (10%)** |
| 4-5 | Samfélagið | |
| 6-8 | Samfélagið / atvinna | |
| 9-10 | Jafnrétti á Íslandi / staða karla og kvenna | **Parverkefni: Kynna ‚sterka konu' frá Íslandi (10%)** |
| 11-páskafrí | Bókmenntir og bækur<br>Fjölmenning á Íslandi | **Próf úr lesbókinni „Dimmalimm" (10%)** |
| Eftir páskafrí | Framhald: Fjölmenning á Íslandi<br>**FabLab / listnámsbraut** | • **Parverkefni: búa til veggspjald (10%)**<br>• **Einstaklingsverkefni: Hönnunarferlið og afurð/hönnun + sjálfsmatsskýrsla (20%)** |

Með fyrirvara um breytingar.

## Námsmat og vægi námsmatsþátta:

**Matsform:** ■ **Símat** ☐ **Lokapróf/valið lokapróf** ☐ **Lokaverkefni**

| Námsmatsþættir | Lýsing námsmatsþáttar | Vægi |
|---|---|---|
| Kynningar | 4 verkefni (4x10%) | 40% |
| Vinnueinkunn | Verkefni í tímum (2x20%) | 40% |
| Lokaverkefni | Hönnun á hlut ((tösku, bol, hnapp..) sem á að vekja athygli á málstað innflytjenda + sjálfsmat | 20% |
| | **Samtals:** | **100%** |

**Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.**

**Annað:**

- **Það er alltaf leyfilegt að nota (pappírs-) orðabækur en ekki endilega alltaf þýðingar forrit og/eða gervigreind.**

Með fyrirvara um breytingar.

Annette J de Vink